


SF

19

54.52

UST20050900020

Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



**Umhverfisstofnun**

Environment and Food Agency of Iceland

☒ Suðurlandsbraut 24  
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 15. september 2005

Tilvísun: UST20050900020/sf

### Lagning vegslóða upp á Grenivíkurfjall í Grýtubakkahreppi. Matsskylda.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 2. september sl. þar sem óskað er álits Umhverfisstofnunar á því hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum, að teknu tilliti til 3. viðauka í lögum nr. 106/2000.


Í gögnum sem fylgja framangreindu erindi kemur fram að fyrirhugaður vegur liggur að hluta til um grannsvæði vatnsbóls fyrir frystihús og á uppdrætti eru sýnd tvö vatnsból sem frystihúsið nýtir. Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að tryggja vernd vatnsbólanna enda er þau nýtt af matvælafyrirtæki en slík fyrirtæki reiða sig á ómengað neysluvatn í sinni framleiðslu. Umhverfisstofnun telur að af fyrirliggjandi gögnum sé ekki hægt að meta hvort hætta sé á mengun vatnsbólanna. Að mati stofnunarinnar vantar upplýsingar um eftirtalin atriði:


- Hvort um er að ræða opin eða lokuð vatnsból.
- Vatnasvið vatnsbólanna og vatnsstrauma á svæðinu. Koma verður fram hvernig aðrennsli er að vatnsbólunum og hver afstaða fyrirhugaðs vegar er til þess.
- Afstöðu fyrirtækisins sem nýtir viðkomandi vatnsból til fyrirhugaðrar vegaf framkvæmdar.

Í gögnum sem fylgja erindinu kemur fram að efnistaka verði úr skeringum fyrir vegsvæði og jafnframt að ef þörf sé á frekara efni verði það tekið úr malarkrúsum á Grenivík.

Umhverfisstofnun óskar eftir upplýsingum um hver sé áætluð efnisþörf vegna veglagningarinnar og jafnframt hvað ætla megi að mikið efni fái úr skeringum, sem og ítarlegri upplýsingum um möguleg efnistökusvæði.

Virðingarfyllst,

  
Sigrún Friðriksdóttir  
fagsviðsstjóri

  
Stefan Einarsson  
staðgengill forstöðumanns